

Akademískt frelsi, ábyrgð og hömlur: Sjónarmið háskólakennara á Íslandi

Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor, Háskólinn á Akureyri

Anna Ólafsdóttir, dósent, Háskólinn á Akureyri

Guðrún Geirsdóttir, dósent, Háskóli Íslands

Sigurður Kristinsson, prófessor, Háskólinn á Akureyri

Valgerður S. Bjarnadóttir, nýdoktor, Háskóli Íslands

Útdráttur

Akademískt frelsi er órjúfanlegur þáttur háskólastarfs. Í greininni er rakið inntak og mikilvægi akademísks frelsis og sagt frá niðurstöðum rannsókna á skilningi íslenskra háskólakennara á því og ógnum þess. Tilgreindir eru tveir inntaksþættir, (a) frjálst val viðfangsefna og aðferða í rannsóknum og kennslu og (b) þekkingar- og heilindakrafa. Greinin byggir á gögnum úr þremur gagnasöfnum sem safnað var í tveimur rannsóknarverkefnum, þ.e. gögnum úr spurningakönnun og viðtölum; hópviðtölum í fyrra rannsóknarverkefninu og einstaklingsviðtölum í því síðara. Spurningakönnunin var lögð fyrir árið 2011, hópviðtölin tekin árið 2014 og einstaklingsviðtölin árin 2019-2020. Alls var rætt við 48 akademíska starfsmenn úr þremur háskólum, 26 konur og 22 karla. Viðmælendur voru spurdir hvaða skilning þeir legðu í akademískt frelsi og hvernig það tengdist ólíkum þáttum starfs þeirra sem rannsakenda og háskólakennara. Niðurstöðurnar eru þær að íslenskir háskólakennarar meta akademískt frelsi mikils og tengja það helst við frjálst val viðfangsefna og aðferða í rannsóknum en einnig kennslu. Skilningur er á því að frelsinu fylgja kröfur um þekkingu og heilindi sem lúta jafningjamati, bæði í rannsóknum og kennslu. Viðmælendur finna fyrir því að á sumum sviðum er þrengt að akademísku frelsi þeirra, og



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 18, Issue 1 (139-164)

© 2022 Contacts: Guðmundur Heiðar Frímansson, ghf@unak.is, Anna Ólafsdóttir, anno@unak.is, Sigurður Kristinsson, sigkr@unak.is

Article first published online June 23rd 2022 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 1. tbl. 18. árg. 2022 (139-164) Fræðigreinar

© 2022 Tengiliðir: Guðmundur Heiðar Frímansson, ghf@unak.is, Anna Ólafsdóttir, anno@unak.is, Sigurður Kristinsson, sigkr@unak.is

Vefbirting 23. júní 2022 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2022.18.1.7>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

kemur sá þrýstingur frá stjórnámálum og atvinnulífi, og sömuleiðis geta rannsóknasjóðir, matskerfi og þröngir útgáfukostir takmarkað frelsi rannsakenda. Hvorki komu fram áhyggjur af lausráðningu né þöggun. Svipuð viðhorf koma fram í öllum þremur gagnasöfnunum.

Efnisorð: Akademískt frelsi; sjálfstæði háskóla; ógnir; akademískt frelsi í rannsóknum; akademískt frelsi í kennslu.

Academic freedom, responsibility, and restrictions: voices of university teachers in Iceland

Abstract

Academic freedom is essential to universities. The article discusses the nature and value of academic freedom and reports study results on how it is understood by university teachers in Iceland and what they see as threatening it. Two key aspects of academic freedom are identified: (a) free choice of topics and methods in research and teaching, and (b) a knowledge and integrity requirement. The article is based on data collected in two research projects, i.e. data from questionnaires and group interviews collected in the first project and interviews with individuals in the second project. The questionnaires were collected in 2011, the group interviews were conducted in 2014 and the interviews with individuals in 2019-2020. A total of 48 academic staff from three universities were interviewed, 26 females and 22 males. Participants were asked how they understood academic freedom and how it related to various aspects of their job as researchers and university teachers. The results show that university teachers in Iceland place great value on academic freedom understood as the freedom to choose topics and methods, primarily in research but also in teaching. Their understanding is that this freedom comes with requirements of knowledge, integrity, and peer-review, both in research and teaching. Participants perceive restricted academic freedom as a result of political and economic pressure, competition for limited funds, the institutional system for performance assessment, and limited avenues for publication. Concerns about limited-term hiring and silencing were not voiced. Results are consistent between all three data sources.

Keywords: Academic freedom; university autonomy; threats; academic freedom in research; academic freedom in teaching.

Inngangur

Ef háskólum tekst vel til leggja þeir ríkulega til þeirra samfélaga þar sem þeir starfa með því að þjálfa vinnuafli, mennta sérfræðinga og uppgötva nýja tækni og þekkingu (Gutmann 2015). Stærsta framlagið er þó að háskólar eru samfélög kennara og nemenda sem leita sannleikans í hverju viðfangsefni (Beaud 2020, 620; Shiffrin 2014, 200-201). Akademískt frelsi er forsenda þess að sú leit beri árangur.

Hugmyndin um akademískt frelsi er sögulega runnin frá þýskum háskólum á níttjándu

öld (Finkin 1983, 822-825). Próffessorar, lektorar og dósentar voru embættismenn ríkisins en þeir voru undanþegnir þeirri skyldu að hlýða boðvaldi ráðherra eða ráðuneytis í kennslu og rannsóknnum. Í því fólst akademískt frelsi þeirra. Talið var að ráðherrar og ráðuneyti væru ekki heppilegir aðilar til að veita leyfi til né stýra rannsóknnum eða kennslu í háskólum. Hlutverk ríkisins væri að skapa aðstöðuna svo að háskólakennararnir gætu sinnt hlutverki sínu vel og sjálfir væru þeir best til þess fallnir að meta hvað ætti að rannsaka og kenna. Þó að grundvallarhugmyndin um akademískt frelsi hafi lítið breyst í almennri orðræðu hefur skort rannsóknir á skilningi íslensks háskólafólks á akademísku frelsi á tímum mikilla samfélagslegra breytinga.

Viðfangsefnið í þessari grein er skilningur og hugmyndir háskólakennara á Íslandi um akademískt frelsi, hvað það felur í sér, hvers vegna það er mikilvægt og hvað ógnar því. Þetta hefur ekki áður verið rannsakað svo okkur sé kunnugt. Greinin byggir á þremur gagnasöfnum úr tveimur rannsóknarverkefnum, annars vegar úr spurningakönnun frá árinu 2011 og hópvíðtölum 2014 sem safnað var í fyrri rannsókninni, og hins vegar gögnum úr einstaklingsvíðtölum úr seinni rannsókninni og voru víðtölin tekin á árunum 2019-2020. Í greininni er sjónum beint að þeim hluta gagnanna sem laut beint að akademísku frelsi, hugmyndum og skilningi háskólakennara þar um, og hvernig þær tengdust ólíkum þáttum starfs þeirra sem rannsakaða og kennara.

Byrjað verður á að fjalla um akademískt frelsi og inntak þess, og hvernig það greinist frá sjálfstæði háskóla og almennu frelsi í frjálslyndu lýðræðisþjóðfélagi. Síðan er gerð grein fyrir öflun gagna og greiningu þeirra. Í framhaldinu eru niðurstöður raktar og þær ræddar og þættar saman við kenningar sem áður voru settar fram um merkingu akademísku frelsis. Í lokin eru dregnar ályktanir af niðurstöðunum.

1. Fræðilegar forsendur

1.1 Háskólar

Háskólar eru æstu stofnanir menntakerfisins í þeim skilningi að vera lokaáfangi á formlegum menntunarferli nemenda. Í 2. gr.a. laga um háskóla (nr. 63/2006) segir að íslenskum háskólum sé skylt að virða fræðilegt sjálfstæði starfsmanna sinna og er þar vísað til þess sem í þessari grein er nefnt akademískt frelsi. Ljóst er að fræðilegt sjálfstæði getur ekki átt við alla starfsmenn háskóla, heldur einungis háskólakennara, það er þá sem sinna þar kennslu og rannsóknum.

Nútíma háskólar eiga sér sögu allt frá tólftu öld en á Íslandi hefur Háskóli Íslands starfað samfelt frá árinu 1911. Íslenska háskólakerfið varð fjölbreyttara á níunda og tíunda áratug síðustu aldar með fjölgun háskóla og stofnana á háskólastigi. Háskólar á Íslandi hafa notið umtalsverðs sjálfstæðis í störfum sínum. Þó gátu íslenskir stjórnálmenn lengi vel haft afskipti af Háskóla Íslands, lengst af eina háskólanum í landinu, í samræmi við þágildandi lög sem m.a. veittu ráðherra ráðningarvald í akademískar stöður. Slíkt fyrirkomulag skapar hættu á að óeðlileg sjónarmið ráði ákvörðunum um ráðningar en frá 1990 hefur Háskóli Íslands, líkt og aðrir opinberir háskólar, ekki þurft að sæta ákvörðunum ráðherra um ráðningar háskólakennara (Magnús Guðmundsson 2011,

546). Stjórnámálamenn geta eftir sem áður haft óbein áhrif á starfsemi háskóla, stefnu þeirra og stjórn, með því að stýra opinberu fjármagni til þeirra og breyta lögum (Pechmann & Haase 2022).

1.2 Sjálfstæði háskóla

Almennt gildir nú um háskóla á Íslandi, eins og í fleiri löndum, að stjórnámálamenn geta ekki haft bein áhrif á innra starf þeirra lögum samkvæmt. Í greinargerð með frumvarpi til laga um háskóla nr. 63/2006 segir að háskólar hafi sjálfðæmi um eigin starfsemi þannig að „stjórnvöld eða aðrir hlutist ekki til um fræðilegt starf innan háskóla heldur virði rannsóknafrelsi og sjálfstæði þeirra í fræðilegu tilliti. Þeim verða ekki gefin fyrirmæli af hálfu stjórnvalda eða hagsmunaaðila um viðfangsefni, aðferðir og efnistöð við kennslu, rannsóknir, þekkingarleit eða sköpun“ (Frumvarp til laga um háskóla, 14). Háskólar eiga að fá að þróast á eigin forsendum í þeim skilningi að þeir ákveði sjálfir til hvaða hagsmuna tillit sé tekið í ákvörðunum um eigin þróun, hvað sé kennt, hverjir kenni, hvernig kennt sé, hverjir séu teknir inn í nám og hvað sé rannsakað, hvernig og af hverjum (Finkin 1983, 843; Guðmundur Heiðar Frimannsson 2012, 276-277; Lög um háskóla nr. 63/2006, 2. og 2.a gr.; Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008, 3. gr.).

Meginrökin fyrir því að háskólar skuli njóta sjálfstæðis í eigin málum eru að þá sé líklegast að þeir geti sinnt vel hlutverki sínu sem menntastofnanir bæði í rannsóknnum og kennslu. Séu þeir ótruflaðir af annarlegum hagsmunum er líklegt að hugmyndaauðgi, ímyndunarafli, gagnrýnin hugsun og útsjónarsemi fái að njóta sín. Rannsóknir sem unnar eru við þær kringumstæður séu líklegri til að vera betri en þegar taka þarf tillit til stjórn-málasjónarmiða eða hagsmuna fyrirtækja sem hafa lagt fé til háskóla (Bennich-Björkman 2004). Háskólar eiga að skila nemendum sínum út í þjóðfélagið færur í að greina staðreyndir og aðskilja þær frá skoðunum, þjálfuðum í að setja skoðanir sínar og þekkingu fram með hófsamlegum og sanngjörnum hætti, og leiknum í að skoða röksemdir með gagnrýnum hætti og spyrja sig út í forsendur og ályktanir. Nemendur eiga að hafa fengið menntun sem einkennist af skapandi skilningi og vilja til að leggja til samfélagsins (Bergan o.fl. 2016, 6; Frumvarp til laga um háskóla, 14; Gutmann 2015, 8, 21-23). Sömuleiðis eru háskólar þekkingarsetur þar sem samfélagið getur leitað eftir vitneskju og leiðsögn. Það eru því mikilvægir samfélagshagsmunir að háskólakennarar kenni, rannsaki og velji viðfangsefni með þeim hætti sem þeir telja best hæfa akademískum markmiðum hverju sinni (Calhoun 2009, 570).

Þó gera þurfi greinarmun á sjálfstæði stofnunar og akademísku frelsi innan hennar (Finkin 1983, 838-840) eru mikilvæg tengsl þar á milli. Sú almenna meginregla að háskólar ákveði eigin málefni, hvort sem þeir eru opinberir eða einkareknir, kveður á um sjálfstæði þeirra (sjá 2. og 2. a gr. laga um háskóla nr. 63/2006; 3. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008). Í sjálfstæðinu felst að hvorki stjórnvöld né hagsmunaaðilar mega gefa háskólum bein fyrirmæli um eigin starfsemi. Í stjórnnum háskóla, t.a.m. í háskólaráði Háskóla Íslands, sitja hins vegar fulltrúar ýmissa aðila og það kann að vera undir hælinn lagt hvort slík stjórn sé sérstaklega áhugasöm um akademískt frelsi háskólakennara, jafnvel þótt háskólum beri lagaskylda til að virða fræðilegt sjálfstæði starfsmanna

sinna (2. gr.a laga nr. 63/2006). Til mótvægis eru í Siðareglum Háskóla Íslands (2019, 3. gr.) sérstök ákvæði um akademískt frelsi þar sem fram kemur að akademískt frelsi sé grunnur alls háskólastarfs. Sams konar sjónarmið eiga við í öðrum íslenskum háskólum. Evrópskir stjórnlagadómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að akademískt frelsi vegi þyngra en sjálfstæði háskóla ef til ágreinings kemur, því meginilgangur sjálfstæðis háskóla sé einmitt sá að vernda akademískt frelsi (Stachowiak-Kudla 2021).

1.3 Almenna frelsisreglan

Í íslenskum lögum og samfélagi er viðurkennd sú almenna frelsisregla að hverjum og einum er frjálst að gera það sem meidir ekki aðra, gengur ekki gegn viðurkenndu siðferði og brýtur ekki allsherjarreglu. Frelsið birtist í margvíslegu samhengi; talað er um félagafrelsi, prentfrelsi, málfrelsi, trúfrelsi og verslunarfrelsi, rétt eins og um sé að ræða ólíkar tegundir af frelsi. Í grunninn er þó alltaf um að ræða þá meginreglu sem nefnd var (Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 1944, 67., 71., 73., 74. og 75. gr.). Þessi stjórnarskrár-vörðu réttindi gilda um alla borgara íslenska ríkisins.

Almenna frelsisreglan og akademískt frelsi eru tengdar hugmyndir en aðskildar (Finkin 1983, 818; Guðmundur Heiðar Frímansson 2012, 271-273). Almenna frelsisreglan á við öll almenn samskipti, innan háskóla sem utan, en reglan um akademískt frelsi gildir einungis um akademíska starfsmenn eða háskólakennara (Byrne 2006). Á fundum nemendafélaga sem fram fara í húsum háskóla gildir almenna frelsisreglan en ekki sú akademíska, svo dæmi sé tekið (Simpson 2020).

Almenna frelsisreglan felur í sér almennt málfrelsi, sem gerir þá einu kröfu til borgaranna að þeir skaði ekki aðra með orðum sínum og virði allsherjarreglu og viðtekið siðgæði. Það eru engar kröfur um að þeir sem setja fram skoðanir opinberlega haldi því einu fram sem er satt og rétt. Málfrelsisreglan gerir engan greinarmun á þeim sem halda því fram að jörðin sé flöt og þeim sem staðhæfa að hún sé hnöttur. Hvorir tveggja mega halda fram skoðunum sínum ótruflaðir af lögnum.

1.4 Akademískt frelsi

Akademískt frelsi er nefnt „fræðilegt sjálfstæði“ í lögum um háskóla eins og fram hefur komið. En hvað felur þessi tegund frelsis í sér? Tilgreina mætti nokkuð mörg atriði en hér verður aðeins staldrað við tvö. Fyrra atriðið er að háskólakennarar ákveða sjálfir hvað og hvernig þeir rannsaka og kenna. Þeir eru að öðru jöfnu viðurkenndir sérfræðingar á sínu sviði og eru í krafti þess best fallnir til að ákveða hvernig þeir verja tíma sínum í rannsóknum. Sama á við um kennslu en henni eru þó settar skorður vegna þess að það sem kennt er í tilteknu námskeiði er hluti af heild og á að stuðla að því að nemandinn menntist á tilteknu sviði. Það er á ábyrgð stofnunarinnar að nemandinn fái þá kennslu sem stofnunin lofar. Að þessu leytinu eru hendur einstakra kennara bundnar þó þeir hafi svigrúm til að meta það sjálfir hvernig þeir kenna það námskeið sem þeir eiga að kenna (Byrne 2006, 931, 940, 953; Finkin 1983, 843; Shiffrin 2014, 199-214). Þessi takmörkun á akademísku frelsi einstakra kennara er í höndum stofnunarinnar og deilda hennar, sem lúta sameiginlegri stjórn akademískra starfsmanna.

Það síðara er þekkingar- og heilindakrafa sem er skilyrði hins akademíska frelsis. Öfugt við almennt málfrelsi á hugtakið akademískt frelsi einungis við um þau sem starfs síns vegna lúta kröfum um þekkingu og fræðileg heilindi. Samkvæmt íslenskum lögum skulu þau sem bera starfsheitin prófessor, dósent, lektor eða sérfræðingur hafa „þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á þeirra fræðasviði, staðfest með álitu dómnefndar eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla“ (1. mgr. 18. gr. laga um háskóla nr. 63/2006; 1. mgr. 16. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008). Háskólakennarar eiga að kunna skil á flestu mikilvægu innan fræðigreina sinna og geta komið því heiðarlega á framfæri við aðra. Gerist þeir berir að því að halda fram firrum í kennslu bregðast þeir þeim kröfum sem akademískt frelsi hvílir á og fara þannig út fyrir mörk þess.

Af þessu sést að akademíska frelsið leggur ákveðnar skyldur á háskólakennara. Skylda er kvöð og gæti því virst að hún ætti að flokkast sem takmörkun á frelsinu en eins og Gibbs (2016) bendir á er rétturinn til akademísks frelsis ætíð samofinn ábyrgð. Þegar háskólakennari er ráðinn að íslenskum háskóla er hluti skyldna hans að stunda rannsóknir og koma þeim á framfæri. Hver sem ræður sig á slíkum kjörum er ekki þvingaður til þess heldur gerir það af fúsum og frjálsum vilja. Skyldur sem fólk undirgengst á slíkum forsendum eru í raun ekki kvaðir heldur hluti af vilja þess sem þannig ræður sig í vinnu. Hver háskólakennari tekur þátt í gagnrýninni samræðu um fræðileg efni á þeim vettvangi sem hann hefur þekkingu á, enda er háskóli þekkingarbrunnur hvers samfélags þar sem kennarar og nemendur vanda sig við að varðveita og auka þekkingarforða mannkyns (Shiffrin 2014, 200). Stundum er ágreiningur á milli háskólakennara um atriði í eigin fræðigrein og um atriði sem falla undir fleiri en eina grein. Akademísku frelsi fylgir sú ábyrgð að rökræða slíkan ágreining með sanngjörnum hætti án þess að beita mælsku-brögðum og útúrsmúningum. Akademískt frelsi krefst þannig samfélags fræðafólks sem er til þess bært að meta framlag hvert annars (Calhoun 2009, 571).

Akademískt frelsi er talið svo mikilvægt að þættir þess eru bundnir í stjórnarskrám 27 ríkja innan Evrópusambandsins, frelsi í kennslu er varið í löggjöf í 24 ríkjum þess og rannsóknafrelsi varið í löggjöf í 12 ríkjum þess (Karran o.fl. 2022). Það eykur líkur á að akademískt frelsi sé virt í reynd ef vísað er til þess í stjórnarskrá. Sérstök þörf er á árvekni í ljósi þeirra ógna við lýðræði, lýðræðislega starfshætti og gildi þekkingar sem komið hafa upp á síðustu árum (sjá Iengar & Massey 2018; Nichols 2019).

Háskólakennarar glíma við ýmsar hömlur sem snert geta akademískt frelsi. Rostan (2010, 72) gerir greinarmun á jákvæðu og neikvæðu akademísku frelsi þannig að neikvætt frelsi skerðist af hömlum frá aðilum utan háskólanna, en jákvætt frelsi skerðist af innri þáttum í háskólunum sjálfum. Dæmi um ytri hömlur eru afskipti stjórnmalamanna af starfi háskólanna með kröfum um að þeir leggi áherslu á gagnleg fræði fyrir atvinnu og efnahagslíf, afli sér sérleyfa eða þrói söluvöru og skapi sér þannig tekjur, það sem oft er nefnt viðskiptavæðing háskóla (Bennich-Björkman 2004), eða þegar styrkjum viðskiptalífsins til rannsókna fylgja kvaðir. Innri hömlur eru til dæmis aukið kennsluálag og afskipti stjórnenda og stoðkerfis háskóla af akademískum málefnum (Gerber 2001; Miller 2019), gjarnan nefnt „managerialism“ á ensku.

Annan greinarmun á jákvæðu og neikvæðu akademísku frelsi er að finna hjá Calhoun (2009, 562-3). Samkvæmt honum er það neikvætt frelsi að vera laus undan hvers kyns hömlum en jákvætt frelsi að njóta faglegs jafningjamat og geta látið þekkingu sína hafa samfélagsleg áhrif. Þessi skilningur á jákvæðu frelsi er gagnlegur að því leyti að hann tengir hugtakið akademískt frelsi við markmið háskólastarfs. Sums staðar er litið svo á að akademískt frelsi nái til þátttöku háskólafélks í stjórnmálum, sem getur skipt miklu máli í samfélögum þar sem almenna frelsisreglan er ekki viðurkennd (Altbach 2003, 13-14). Í þessari grein er fyrst og fremst miðað við akademískt frelsi í starfi háskólakennara, í rannsóknum og kennslu.

Meðal þeirra þátta í þjóðfélagsþróun síðustu áratuga sem ógnað geta akademísku frelsi er nýfrjálshyggja, sú skoðun að bókstaflega allir hlutir eigi heima á markaði (Berg o.fl. 2016; Brown 2015; Giroux 2006). Hún birtist meðal annars í því að háskólar eigi að vera í einkaeign eða einkarekstri, að gildi rannsókna ráðist af markaðsgildi, ekki sanngildi, og að helst eigi ekki að ráða háskólakennara ótímabundinni ráðningu, en fast-ráðning í starf er sennilega mikilvægasta trygging háskólakennara fyrir því að þeir geti notið akademísku frelsis (De George 2003). Kenningar nýfrjálshyggju grafa sannarlega undan akademísku frelsi fari stjórnvöld eftir þeim. En þótt markaðsrökum hafi verið beitt í stefnumótun bendir flest til þess að ríkisvaldið leitist við að hafa háskólana áfram undir handarjaðri sínum (Capano & Pritoni 2020).

Ógnir við akademískt frelsi geta skapast þannig að háskólakennarar rannsaki svið og atvik sem eru pólitískt viðkvæm og fái þá hörd viðbrögð stjórnmálamanna. Nýlegt dæmi er samþykkt þingsályktunartillögu danska þjóðþingsins um fordæmingu á pólitískri beitingu upplýsinga og niðurstaðna á tilteknum sviðum rannsókna (sjá Danmarks Radio 2021a; Danmarks Radio 2021b; Folketinget 2021). Þingsályktunartillagan gengur út á að stjórnir danskra háskóla sjái til þess að gagnrýnin hugsun í háskólum greini á milli hugmynda sem vit sé í og þeirra sem ekki er hægt að rökstyðja, að stjórnmálabarátta sé ekki sett fram sem vísindi og að ekki sé hægt að koma sér hjá réttmætri gagnrýni. Að baki þessari tillögu virðist liggja vanmat stjórnmálamanna á því hve langan tíma tekur að komast að niðurstöðu um hvort hugmynd styðst við rök og sé líklega sönn ásamt þeirri hugmynd, sem er andsnúin akademísku frelsi, að það sé hlutverk háskólastjórnar að leggja mat á slíka hluti. Í máli sumra þeirra sem stóðu fyrir tillögunni komu fram afdráttarlausir fordómar í garð nýrra rannsóknarsviða.

Loks er vert að nefna það sjónarmið að taka þurfi sérstakt tillit til viðkvæmra og berskjaldaðra hópa í kennslu og skrifum í háskólum. Þetta hefur leitt til harðvítugra deilna innan háskóla, þöggunar og útilokunar (Norris 2020; Suissa & Sullivan 2021). Útlistun á umdeildum og óvinsælum hugmyndum getur verið vandasöm og það er ekki alltaf ljóst hvar á að draga mörkin.

Ljóst er að akademískt frelsi er lykilþáttur í starfsumhverfi háskólakennara og að áhrif þess velta á skilningi og árvekni háskólakennara sjálfra. Því er forvitnilegt að athuga hvernig háskólakennarar skilja akademískt frelsi, hvaða þætti þess þeir telja mikilvæga og hvaða ógnir þeir gera að umtalsefni í viðtölum. Líklegt má teljast að skilningur íslensks háskólafélks sé í aðalatriðum sá sami og háskólafélks annars staðar í Evrópu og Norður-

Ameríku. Ástæðan er sú að flest þeirra sem nú starfa við háskóla á Íslandi hafa lokið háskólamenntun sinni í löndum í þessum heimsálfum og hafa mótast af því menntunaregla uppeldi sem þau hlutu þar. Það má hins vegar búast við því að hömlurnar í íslenska háskólakerfinu séu ekki endilega allar þær sömu og annars staðar. Sú staðreynd ein hve kerfið er smátt í sniðum býður þeirri hættu heim að sum sjónarmið eigi erfðara með að fá sanngjarna umfjöllun en önnur. Ákveðið var að rannsóknin yrði lýsandi þar sem ekki yrðu settar fram tilgátur eða að gengið væri fyrirfram að vísium hugmyndum um akademískt frelsi hjá íslensku háskólaþingi umfram það sem búast má við af líklegum bakgrunni þessa hóps. Fyrir þessu eru í meginatriðum tvær ástæður; annars vegar er þetta fyrsta rannsókn sinnar tegundar á Íslandi og hins vegar birtast vandaðar lýsandi rannsóknir um þetta viðfangsefni í alþjóðlegum tímaritum (sjá Aarvevaara 2010).

2. Aðferð

Greinin byggir á gögnum þriggja gagnasafna úr tveimur umfangsmiklum rannsóknarverkefnum þar sem sjónum var beint að samfélagslegu og lýðræðislegu hlutverki háskóla. Í því fyrra var spurningakönnun lögð fyrir alla akademíska starfsmenn á Íslandi árið 2011. Alls svörðu 454 af 897 þátttakendum spurningakönnuninni, en fræðast má nánar um aðferðafræði og framkvæmd í fyrri greinum (Sigurður Kristinsson o.fl. 2014; Trausti Þorsteinsson o.fl. 2012). Til að dýpka enn frekar skilning á viðhorfum háskólakennara voru tekin þrjú hópviðtöl við 22 þátttakendur á tímabilinu febrúar-maí árið 2014 og komu þeir úr þremur háskólum, ríkisreknum og einkareknum. Hlutfallið milli karla og kvenna í hópnum þremur var fimm konur og þrjár karlar í einum hópnum en fjórar konur og þrjár karlar í hinum tveimur. Þátttakendur komu úr ólíkum greinum vísinda; heilbrigðisvísindum, hugvísindum og félagsvísindum. Rannsakendur völdu hverjum yrði boðið til þátttöku með það fyrir augum að hóparnir endurspegluðu sem best starfs- einingar og akademísk starfsheiti ásamt því að kynjahlutfall yrði sem jafnast.

Þriðja gagnasafnið byggir á einstaklingsviðtölum við 26 háskólakennara úr sömu háskólum. Um var að ræða 14 konur og 12 karla. Viðmælendur voru valdir með tilviljunarúrtaki úr hópi akademískra starfsmanna sem kenndu greinar á sviði félagsvísinda og raun- og tæknivísinda. Viðtölin fóru fram í desember 2019 og janúar 2020.

Niðurstöðurnar byggjast því á greiningu gagna úr viðtölum við alls 48 akademíska starfsmenn úr þremur háskólum, 26 konur og 22 karla, ásamt þeim hluta spurningakönnunarinnar sem sneri að akademísku frelsi; þær niðurstöður spurningakönnunarinnar hafa ekki birst áður. Val á viðmælendum var sambærilegt í báðum viðtalsrannsóknunum og áherslur í viðtölunum sömuleiðis. Í báðum tilfellum var stuðst við spurningaramma með hálf-opnum spurningum (e. semi-structured). Viðmælendur voru meðal annars spurðir um hvaða merkingu þeir legðu í hugtakið akademískt frelsi og hvernig það tengdist ólíkum þáttum starfs þeirra sem rannsakenda og háskólakennara. Hópviðtölin stóðu yfir í um eina og hálf klukkustund en einstaklingsviðtölin í eina til tvær klukkustundir. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð og greind sameiginlega með aðferðum þemagreiningar (Braun & Clarke 2013). Í því fólst að marglesa gögnin, kóða þau á markvissan hátt út frá markmiðum rannsóknarinnar og draga fram helstu þemu og þræði umræðunnar.

Það er mat höfunda að með því að flétta saman þessi þrjú gagnasöfn, þ.e. gögn beggja viðtalsrannsóknanna og meginlegu gögnin um sama efni úr spurningalistakönnuninni, náist betri lýsing, frekari útskýring og aukin breidd í niðurstöðurnar (Anna Ólafsdóttir & Sigfríður Inga Karlsdóttir 2021), og þannig takist með þessari leið að varpa skýrara ljósi á rannsóknarviðfangsefnið. Dæmi sem viðmælendur nefna endurspeglar sögulegt minni sem nær yfir lengra tímabil en þau fimm ár sem liðu á milli mismunandi hluta gagnasöfnunarinnar og sama gildir um niðurstöður spurningakönnunarinnar. Það er jafnframt mat höfunda að á þessu fimm ára tímabili hafi ekki orðið umtalsverðar breytingar á starfsumhverfi viðmælenda. Til að gera greinarmun á viðtalsgögnum frá 2014 og 2019-2020 eru ártölin höfð í sviga með beinum tilvitnunum.

Aflað var upplýsts samþykkis þátttakenda og fyllsta trúnaði heitið. Af þeim sökum koma engar persónurekjanlegar upplýsingar um einstaklinga, stöðu þeirra eða starfsvettvang fram í niðurstöðunum sem hér fara á eftir.

3. Niðurstöður

Við greiningu viðtalsgagnanna komu í ljós nokkrir meginþræðir í hugmyndum viðmælenda um akademískt frelsi og snertu þeir annars vegar mikilvægi þess og inntak og hins vegar hömlur og mögulegar ógnir við akademískt frelsi sem viðmælendur töldu að gefa þyrfti gaum.

3.1 Mikilvægi og inntak akademísks frelsis

Glögglega kom fram í máli viðmælenda hversu mikilvægt þeir töldu akademískt frelsi vera. Þannig var rætt um það sem „kjarna“ háskólastarfs, það væri „heilagt“ (2014) og aðgreindi háskóla frá öðrum stofnunum. Nefnt var í þessu sambandi að akademískt frelsi gerði akademískum starfsmönnum kleift að „gagnrýna sína eigin stofnun, sem er mjög erfitt fyrir starfsmenn í flestum fyrirtækjum“ (2019-2020) en eins og sjá má á eftirfarandi vangaveltum fannst sumum þeirra óljóst hvað fælist í akademísku frelsi:

... mín skoðun er sú, að það felist ákveðið vandamál einmitt í því að ætla sér að skilgreina hugtakið akademískt frelsi ... því þá ertu um leið búinn ... að takmarka það ... og við höfum kannski líka ólíkar hugmyndir [eftir því] hvaða fög við erum [að kenna] (2014).

... fyrir suma þýðir þetta [að] þú megir gera allt ... þú sért yfir allt hafinn og í rauninni að þú sért bara ósnertanlegur ... en ef ég ... reyni að útskýra það ... erum við auðvitað í einhverjum ramma ... ég get ekki gert hvað sem mér sýnist (2019-2020).

Nefnt var að ef til vill væri þörf á meiri umræðu innan háskólans um hvað akademískt frelsi þýðir vegna þess að fólk legði ólíka merkingu í hugtakið:

... umræða um akademískt frelsi, [ég] held að það væri bara gott að taka það upp hérna í skólanum því að ég held að fólk skilji það á mjög mismunandi hátt (2014).

já sko þetta er nefnilega svolítið ... svona dæmigerð spurning sem ætti kannski að ræða á ... kennarafundum ... já bara hvað þýðir akademískt frelsi? (2019-2020).

3.1.1 Akademískt frelsi og rannsóknir

Segja má að nánast allir viðmælendur hafi byrjað á að vísa til rannsóknarhluta starfsins þegar spurt var hvaða merkingu hugtakið akademískt frelsi hefði í þeirra huga. Var þar helst rætt um frelsi til þess að velja sér rannsóknarviðfangsefni sem og að nota þær rannsóknaraðferðir sem fólki hugnaðist án afskipta annarra:

... ég hef alltaf skilgreint akademískt frelsi þannig að þú ræður hvað þú rannsakar og fæst við (2014).

...það er bara frelsi til þess að ákveða hvað ég rannsaka, hvernig ég geri það, að hvaða niðurstöðu ég kemst, án þess að það sé nokkur maður að skipta sér af því, hvorki stofnun né aðrir (2019-2020).

Viðmælendum varð einnig údrætt um að mikilvægur þáttur akademísks frelsis fælist í að geta sett fram niðurstöður eigin rannsókna og tjáð skoðanir sínar án afskipta eða neikvæðra afleiðinga:

Akademískt frelsi finnst mér felast í því að ég megi rannsaka og gera það sem mér hefur verið falið eins vel og ég get og að það sé enginn sem andi ofan í hálsmálið á mér við það (2014).

... fyrir mér er bara í rauninni grunninntakið í akademísku frelsi ... að akademískir starfsmenn séu í aðstöðu til þess að birta bæði rannsóknir og skoðanir, ... og séu í rauninni í þeirri aðstöðu að vita að ... þeir eru sérstaklega varðir fyrir neikvæðum afleiðingum af því að segja eitt-hvað sem einhver er ósammála (2019-2020).

... það er kannski þetta tvennt sem kemur upp í hugann um akademískt frelsi. Annars vegar rannsóknarlegt frelsi, að maður getur stundað þær rannsóknir sem að manni sýnist og svo sömuleiðis tjáð hug sinn óhikað (2019-2020).

Flestir viðmælendur töldu samt að þessu frelsi fylgdi ábyrgð, eins og einn viðmælandinn útskýrði með eftirfarandi orðum: „... ég ræð hverju ég beini sjónum að í mínum rann-

sóknum og hvort ég tjái mig út á við en auðvitað fylgir því heilmikil ábyrgð“ (2019-2020). Bent var á skyldur við samfélagið í þessu samhengi:

...að einhverju leyti hafa allir sitt akademíska yndislega frelsi [en] við ... höfum ákveðna ábyrgð að taka þátt í rannsóknum í því samfélagi sem við erum í (2014).

Þegar viðmælendur ræddu um rammann sem akademískt frelsi markaðist af og ábyrgð-ina sem því fylgdi var gjarnan vísað til faglegra og siðferðilegra þátta og bent á að það væri „bara vísindalega ekki heiðarlegt ef þú rannsakar eitthvað sem þú hefur ekki vit á“ (2014). Nefnt var að þó að akademískir starfsmenn hefðu frelsi til að velja sér rannsóknarviðfangsefni og viðra þau sjónarmið sem þeim hugnaðist þyrfti það að vera „... innan auðvitað einhverra svona almennra velsæmismarka“ (2019-2020). Til að lýsa þessu frekar bentu sumir viðmælendur á þá siðferðilegu skyldu „að segja sannleikann ... það er bara siðferðileg skylda, það að hafa akademískt frelsi felst ekki í að hafa frelsi til að ljúga að fólki“ (2019-2020). Aðrir lögðu áherslu á að akademískt frelsi þýddi ekki „að ég geti tjáð mig um hvað sem er með hvaða hætti sem er bara af því að ég er vistaður í háskóla“ (2019-2020), og í því sambandi var bent á ábyrgð gagnvart faginu: „Akademíska frelsið er dálítið mikið, inni í þessu akademíska umhverfi, ... akademíska greinin sem þú ert hluti af og [þú] verður að rækja þær skyldur sem það umhverfi setur þér“ (2014). Einnig var vísað til skuldbindingarinnar sem fælist í að vera ráðinn á tiltekið fræðasvið eða deild:

Ja, akademískt frelsi þýðir það að ég er bara að rannsaka það sem mér sýnist ... sem er kannski ekki ábyrgð hugsun. Ef þú ert ráðinn inn í [x] deild og inn í [x]fræði og færir svo að rannsaka allt, alls staðar annars staðar þá ertu náttúrulega ekki að sinna í rauninni því starfi sem þú varst eiginlega kallaður til (2019-2020).

[Akademískt frelsi] gefur mér ... frelsi til að grúska í því sem ég vil grúska í, ... en rétt eins og öllu öðru frelsi fylgir þessu einhver ábyrgð ... ég vil túlka það þannig að þegar ég er orðinn starfsmaður hér eða hver sem deildin er þá er samt einhvers konar rammi og mér finnst það eðlilegt (2019-2020).

Á máli sumra viðmælenda mátti greina að ef akademískir starfsmenn færu út fyrir sitt fræðasvið í vali á rannsóknum, eða beittu t.d. aðferðum sem þeir hefðu litla reynslu af, þyrftu þeir sérstaklega að gæta að því að rannsóknirnar og ályktanir sem af þeim væru dregnar væru traustar:

... jafnvel þótt við höfum frelsi til að rannsaka hvað sem er þá verðum við samt að gangast undir það að þær rannsóknir eru auðvitað metnar

sko, og ef við værum að skila rannsóknum sem fá 0 stig, sko frelsið okkar er skert að því leyttinu að outputið verður að vera í lagi (2014).

... því eldri sem ég verð því betur átta ég mig á því að ... þessar svokölluðu meginlegu aðferðir sem ég beiti nú mikið [eru] takmarkaðar ... og hversu mikilvægt eða gott [er] að fá eigindlegan vinkel á þessa meginlegu og kannski að staðfesta eitthvað eigindlegt með meginlegu þannig að þær vinni saman ... þessi aðferðafræðilegi rammi, hann er ekkert geirnegldur, [það sem skiptir máli er að] ályktanir okkar séu traustar eða byggt yfir á traustum gögnum (2019-2020).

Í þessu sambandi var sérstaklega nefnt að það að vinna þvert á fög eða fræðasvið í rannsóknum hlýti að flokkast sem hluti af akademísku frelsi en gæðin þyrftu alltaf að vera í fyrirrúmi:

... já, ef þú gerir þverfaglegar rannsóknir og jafnvel færir þig ennþá meira til hliðar, ég held að það flokkist undir akademískt frelsi, en það þurfa alltaf að vera gæði, [rannsóknarverkefni] þurfa alltaf að standast gæðamatíð (2014).

Af ofangreindu er ljóst að þó að viðmælendur legðu áherslu á að akademískt frelsi veitti þeim mikið svigrúm til að velja sér rannsóknarviðfangsefni að vild lögðu þeir almennt áherslu á að frelsinu væru skorður settar, eða eins og einn viðmælandi orðaði það:

... að maður reyni alltaf að hafa það bakvið eyrað einhvers staðar að ég sé ekki að velja eitthvað, ... hversu áhugavert sem mér kann að finnast það og skemmtilegt, að ef það hefur enga skírskotun í nokkurn hlut þá sértu kannski kominn á svólítið svona grátt svæði (2019-2020).

3.1.2 *Akademískt frelsi og kennsla*

Eins og áður segir byrjuðu nánast allir viðmælendur á að vísa til rannsókna þegar þeir voru spurðir hvaða merkingu akademískt frelsi hefði í þeirra huga og háskólakennsla virtist ekki hafa sterka tengingu við hugmyndir þeirra um inntak akademísku frelsis. Þó mátti greina nokkra þræði í máli þeirra sem snertu kennslu. Þannig var rætt um að það væri hluti af akademísku frelsi að akademískir starfsmenn réðu hvernig þeir kenndu, „... að það sé ég sem ráði því ... já, það kemur inn á þessa kennsluhætti og allt það, hvernig ég ákveð að kenna námskeið“ (2019-2020). Einnig var talað um að akademískt frelsi komi fram í því að hægt sé að breyta áherslum í námskeiðum án afskipta, „ég komst alveg upp með það sko, það var enginn sem sló á puttana á mér með það ... þannig að akademíska frelsið er að einhverju leyti þarna ennþá, já já“ (2019-2020). Þessi ummæli koma vel heim og saman við niðurstöður spurningakönnunarinnar frá 2011 (Tafla 1) en þar töldu 73%

svarenda að umsjónarkennarar ráði mjög eða frekar miklu um inntak þeirra námskeiða sem þeir kenndu, en aðeins 5% frekar eða mjög litlu.

Tafla 1. Hve miklu ráða eftirtaldir aðilar um inntak þeirra námskeiða sem þú kennir? (2011)

	Mjög miklu	Frekar miklu	Hvorki miklu né litlu	Frekar litlu	Mjög litlu	Á ekki við	Fjöldi svara
Umsjónarkennari	47%	26%	6%	1%	4%	16%	402
Hópur kennara	12%	31%	23%	10%	11%	14%	399
Námsbraut/námsnefnd	11%	32%	26%	12%	9%	11%	398
Deild	8%	29%	24%	18%	17%	5%	399
Fræðasvið	11%	16%	20%	15%	30%	9%	404
Nemendur	2%	16%	32%	27%	18%	6%	403
Utanaðkomandi aðilar	0%	2%	14%	13%	48%	23%	401

Sumir viðmælenda lýstu efasemdum um að akademískt frelsi nái yfir ákvarðanir um hvað skuli kennt:

Ég er hins vegar svolítið hugsandi þegar ég fer að yfirfæra þetta akademíska frelsi yfir á kennsluna ... má kenna allt sko ... og ég horfi uppá kannski kollega mína sem eru að kenna segjum bara inni í námskeiðum óhefðbundnar lækningar og ég fer svona að hugsa ahhh (2014).

Aðrir ræddu að námskráin þyrfti að veita ákveðið svigrúm en setja í leiðinni ramma og að fólk skilji hlutverk námskrárinnar á ólíkan hátt:

... en við erum með námskrá og við sem höfum unnið við námskrá [vitum að] þar þarf maður að orða hlutina svolítið vítt svo við höfum ákveðið frelsi í kennslu. Það má ekki vera of þröngt. En við höfum samt ekki algjört frelsi því við höfum þessa námskrá og þurfum að fylgja henni og kenna þetta og svo tekur næsti við með næsta námskeið. Ég heyrir það að fólk skilur þetta á dálítið misjafnan hátt (2014).

Í könnuninni frá 2011 kom fram að meirihluti svarenda taldi námsbraut, deild, eða hóp kennara ráða miklu um inntak náms á því sviði sem þeir kenna við (Tafla 2). Um þriðjungur taldi að fræðasvið ráði hér miklu en einungis örfá prósent að yfirstjórn háskólans eða utanaðkomandi aðilar geri það.

Tafla 2. Hve miklu ráða eftirtaldir aðilar um inntak í því námi á því sviði/deild sem þú kennir við? (2011)

	Mjög miklu	Frekar miklu	Hvorki miklu né litlu	Frekar litlu	Mjög litlu	Á ekki við	Fjöldi svara
Námsbraut	26%	34%	13%	5%	5%	18%	389
Deild	21%	35%	18%	11%	9%	6%	387
Hópur kennara	21%	33%	21%	7%	8%	11%	391
Námsnefnd	16%	27%	20%	7%	8%	23%	388
Fræðasvið	8%	22%	19%	19%	21%	11%	387
Nemendur	2%	15%	28%	29%	20%	6%	367
Yfirstjórn háskólans	2%	4%	21%	20%	45%	8%	390
Utanaðkomandi aðilar	0%	3%	16%	16%	45%	20%	367

Í viðtalsgögnunum komu fram vangaveltur um hvort sumar greinar væru þess eðlis að þær veiti kennurum minna svigrúm fyrir akademískt frelsi en aðrar: „Er akademískt frelsi meira tengt kannski heimspeki og slíkum greinum sem eru ekki klínískar? ... [G]eta [líffræðikennarar í heilbrigðisvísindum] verið að beita einhverju akademísku frelsi í sinni kennslu?“ (2014).

3.2 Hömlur og ógnir við akademískt frelsi

Hömlur og ógnir við akademískt frelsi eru margvíslegar eins og skýrt kemur fram hjá viðmælendum:


Akademískt frelsi má skilja á margan hátt og ég er búin að hlusta hér á margt og ég er sammála mjög mörgu eins og t.d. því að hafa frelsi til að velja sér rannsóknarefni og ýmislegt en svo erum við líka mikið í kennslu og hún hefur breyst. Við finnum það sem erum að taka allt upp að þetta hefur áhrif á það hvað maður segir og hvernig maður matreiðir efnið. Og við höfum fengið upphringingu utan úr bæ þar sem kvartað var yfir einhverju sem kennarinn sagði í tíma (2014).

Segja má að vangaveltur viðmælandans hér að ofan slái tóninn fyrir hitt meginstefið sem greina mátti í umræðu viðmælanda um akademískt frelsi, þ.e. að ýmsir þættir gætu hamlad og jafnvel verið ógn við akademískt frelsi. Í máli hans kemur fram að tæknibreytingar sem orðið hafa í kennslu í háskólum geti mögulega haft þau áhrif að reynt sé að þrengja að akademísku frelsi þeirra, ekki síst þegar kemur að efnistöku í kennslustundum. Í gögnunum mátti sjá mörg dæmi um slíka upplifun og voru þau aðallega tvenns konar, þ.e. annars vegar þrýstingur frá fyrirtækjum og hins vegar pólitískur þrýstingur, og skýrt kom fram að viðmælendur höfðu áhyggjur af slíkum þrýstingi á háskólakennara:

... fólk í íslenskum sjávarútvegi hringdi í bandarískan háskóla til að kvarta yfir því sem að akademískur starfsmaður ... var að segja ... fólk fannst þetta svo furðulegt, að einhverjum skyldi detta í hug að einkaaðili geti bara hringt í háskóla og látið reka einhvern eða látið hóta einhverjum agaviðurlögum yfir bara pólitískri umræðu, og það svo sem er kannski vísbending um það að fólk hafi einhvern grun um að þetta muni virka hérna á Íslandi (2019-2020).

... það hefur alveg gerst að alþingismenn standa í pontu og óska eftir því að ákveðnir þú veist starfsmenn hér séu áminntir útaf því að þeir eru með einhver sjónarmið sem þeim finnast ekki falla að hagsmunum hins opinbera eða slíkt á grundvelli þess að þeir eru ríkisstarfsmenn (2014).

Til samanburðar er vert að draga fram að í spurningakönnuninni frá 2011 reyndust 45% sammála þeirri fullyrðingu að háskólafolk óttaðist neikvæð viðbrögð áhrifamanna í atvinnulífi eða stjórnámálum við gagnrýni þess (Mynd 1).




Mynd 1. Háskólafolk óttast neikvæð viðbrögð áhrifamanna í atvinnulífi eða stjórnámálum við gagnrýni þess (2011, n=394)

Sambærilegar áhyggjur voru viðraðar í tengslum við umræðu um fjármögnun rannsókna. Í því sambandi var rætt að tímabundin fjármögnun á kennslu- og rannsóknastöðum gæti haft áhrif á hvers konar rannsóknir væru stundaðar og hvaða niðurstöður væru birtar, og slíkt gæti mögulega verið ógn við akademískt frelsi:

Það hafa verið fjármagnaðar stöður af hálfu útgerðarfélaganna og hagsmunasamtaka hér við þennan háskóla. Þá spyr maður sig, setur það einhver takmörk á það ... hvað er síðan birt af hálfu viðkomandi einstaklings ef hann á það undir einhverjum hagsmunasamtökum hvort hann heldur áfram næstu tvö árin eða ekki (2014).

Það er mjög mikið um það, sérstaklega í vísindunum, af því að við erum alltaf fjársvelt, að fyrirtæki borga og við þurfum að hugsa þetta, auðvitað, fyrirtæki utan akademíunnar eða sem eru svona semi-akademísk, þau leggja fjármagn inn í akademíuna og vilja eitthvað annað í staðinn. Þarna er sko, er þetta frelsi eða er þetta helsi? (2019-2020).

Hér virðist talað fyrir munn margra, því að í spurningakönnuninni 2011 reyndust 85% sammála þeirri fullyrðingu að tryggja þurfi starfsskilyrði háskóla svo þeir verði ekki háðir fyrirtækjum um fjármagn, en aðeins 7% ósammála (Mynd 2).



Mynd 2. Tryggja þarf starfsskilyrði háskóla svo þeir verði ekki háðir fyrirtækjum um fjármagn (2011, n=394)

Flestir viðmælendur ræddu takmarkað fjármagn til rannsókna úr opinberum sjóðum og skort á öðrum sjóðum sem hamlandi þátt sem hefði áhrif á akademískt frelsi, meðal annars á þann hátt að það gæti haft áhrif á val á rannsóknarviðfangsefni:

Það eru mjög fá verkefni sem komast í gegn ... þá ferðu auðvitað að haga þér eftir því og ferð þá að sko teikna upp einhver rannsóknarverkefni þá sem eru raunhæfari ... þetta hefur áhrif á hvað fólk er að fást við og við missum kannski þessi verkefni sem eru mikilvæg,


Þ.e.a.s. þú ert að gera rannsóknir sem eru raunverulegar akademískar rannsóknir en það er kannski erfitt að sjá svona sko í stuttu máli einhverjar einingar og verðmæti strax (2014).

En svo er líka allavega í Bretlandi ... þar er fullt af öðrum fjármögnunarleiðum og öðrum sjóðum ... þennan þriðja geira vantar algjörlega hér (2014).

Maður [þarf] að útbúa góða umsókn og stundum þarf að sækja oft en einu sinni um, það er bara þannig ... það er of lítið af peningum, þá verða menn að finna leiðir til að koma einhverju af stað, eru kannski komnir með einhverja eina birtingu og það hjálpar þá kannski næst. Akademískt frelsi er fyrir mig að það segir mér enginn hvað ég á að rannsaka eða setur mér hömlur hvað það varðar. Hömlurnar eru oft og tíðum þarna bara varðandi fjármagn en það er eitthvað sem allir búa við (2019-2020).

Akademískt frelsi er það að ég þurfi ekki að leita einhvern samþykktar [fyrir rannsóknarviðfangsefni] en auðvitað ef ég ætla að sækja pening þá fer þetta og verður dæmt [af samkeppnisjóðum] og fær mat út frá nýnæmi og alls konar svoleiðis hlutum (2019-2020).

Hér má hafa til hliðsjónar að í spurningakönnuninni frá 2011 töldu 85% svarenda að fyrirhöfn við að sækja í samkeppnisjóði væri frekar eða mjög mikil, en einungis 2% að hún væri frekar eða mjög lítil (Mynd 3).



Mynd 3. Hversu mikil eða lítil finnst þér fyrirhöfnin við að sækja um í samkeppnisjóði? (2011, n=397)

Fram kom í máli viðmælenda að væntingar um samfélagslega gagnsemi gætu líka verið ógn við akademískt frelsi og sem dæmi var nefnt að „það að vísindamiðstöð verði að hafa jákvæð pólitísk áhrif ... þrengir ofboðslega mikið að vísindunum, sko þetta eru svona spurningar sem mannfræðin er að kljást við, fötlunarfræðin, hinsegin fræðin ... hvernig eigum við að vinna með þetta?“ (2014).

Frekari dæmi um að væntingar úr umhverfinu þrengdu að akademísku frelsi tengdust stefnumótun innan fræðasviðs, öflun rannsóknarstyrkja og möguleikum á birtingu:

... en akademískt frelsi ... við ræddum þetta ... þegar [átti að fara] að setja skordur á áherslur, njörva niður einhverjar áherslur sviðsins í rannsóknunum, það er ekki akademískt frelsi. Ef það er verið að tala um áherslur á Norðurslóðum, hvað eru Norðurslóðir? Það er öll Evrópa ... það er rosalega vítt og ég held að enginn hefði kvartað yfir því kannski (2019-2020).

Það er vaxandi þrýstingur á akademíska starfsmenn að útvega aukið fé til deildanna sinna í gegnum rannsóknarstyrki, við finnum alveg fyrir svoleiðis pressu, fáum skilaboð á deildarfundum, það er sú pressa. Og fólk er að leita að tækifærunum, „hvar get ég fengið birt?!“ Er það frelsi, ef þú ert að spá í hvar er birt, en þú þarft að hugsa um birtingarnar því þú kemst ekkert áfram hérna, færð enga promotion nema að birta. Og styrkir þurfa að vera, allt þarf að vera söluvænlegt (2019-2020).

Ljóst var af máli viðmælenda að vinnumatskerfi akademískra starfsmanna væri stýrandi afl í rannsóknarstarfi þeirra. Ákvarðanir um hvar þeir birtu rannsóknir sínar og fyrir hverja þeir héldu erindi virtust stýrast að talsverðu leyti af því hvað gæfi þeim flest stig og þar með mestan pening:

... eftir því sem ég birti fleiri greinar þá fæ ég meiri peninga. En eftir því sem ég er duglegri ... að rífast á Facebook eða skrifa í Moggann eða eitthvað svona eða láta heyra í mér eða tjá mig um málefni líðandi stundar þá fæ ég ekki rassgat skilurðu. Þannig að auðvitað geri ég það ekki. Ég meina ég þarf peninga, snýst um peninga á endanum. Viðurkenni það bara (2019-2020).


Það er ekki hægt að takmarka einhvern veginn hvað þú ætlar að hugsa um sko og hvert þú ætlar að ... leita og hvaða nýju þekkingu þú ætlar að búa til. En auðvitað [eru] fýsískar takmarkanir á því hvar eru peningarnir, ég meina stigamatíð og allt þetta. Hver ætlar að fara að skrifa um Jón Gerreksson í alþjóðlegt tímarit eða eitthvað svoleiðis? En [takmarkanirnar] eru bara alltaf til staðar (2014).

Einn viðmælandi ræddi sérstaklega hversu furðulegt honum þætti að akademískir starfsmenn sættu sig við vinnumatskerfið eins það væri, enginn virtist þora að „rugga bátnum“ heldur létu kerfið yfir sig ganga þegjandi og hljóðalaust: „Af hverju...segjum [við] bara já og amen við þessu alveg hýper-kapítalíska kerfi sem er hérna í gangi?“ (2019-2020).

Val á tímaritum og það fyrir hverja erindi væru flutt kom oft upp í umræðunni og þá var sérstaklega rætt um muninn á stigum eftir því hvort erindið væri fyrir fræðasamfélagið eða almennig: „... öll okkar stigasöfnun fer fram einmitt í birtingu greina, [að] vera með erindi. Þú færð meira ... fyrir að tala við fræðasamfélagið heldur en að ræða við samfélagið“ (2019-2020), en einnig eftir því hvort um væri að ræða tímarit með háan áhrifastuðul eða ekki:

... þú leitar uppi, það eru nú ekki mörg tímarit sem að er hægt að birta í hérna. Þú leitar eftir þyngri tímaritum sem að fleiri, meiri vigt sko. En svo er líka bara að ... það svo sem hvetur ekki til þess að maður sé sko mikið ... með einhver fræðsluerindi fyrir almennig og eitthvað svona (2019-2020).

Til hliðsjónar má nefna að í spurningakönnuninni 2011 reyndust 36% sammála en 33% ósammála fullyrðingunni „matskerfi skólans skerðir akademískt frelsi mitt“, en liðlega fjórðungur var hvorki sammála né ósammála (Mynd 4).



Mynd 4. Matskerfi skólans skerðir akademískt frelsi mitt (2011, n=417)

3.3 Samantekt

Ljóst er að íslenskir háskólakennarar meta akademískt frelsi mikils og tengja það helst við frjálst val viðfangsefna og aðferða í rannsóknum, en einnig kennslu. Skilningur er á

Því meðal viðmælenda að frelsinu fylgja kröfur um þekkingu og heilindi sem lúta jafningjamati, bæði í rannsóknum og kennslu, og að mörk frelsisins eru ekki alltaf skýr. Viðmælendur finna fyrir því að á sumum sviðum er þrengt að akademísku frelsi þeirra, og kemur sá þrýstingur frá stjórnmalum og atvinnulífi, og sömuleiðis geta rannsóknasjóðir, matskerfi og þröngir útgáfukostir takmarkað frelsi rannsakenda.

4. Umræður

Akademískt frelsi er sennilega mikilvægasti þátturinn í starfsaðstæðum hvers háskólakennara (sbr. Rostan 2010) enda er ljóst að viðmælendur í þessum tveimur rannsóknum meta það mikils og hafa hugleitt hvar mörk þess liggja og hvaða ógnir stöðji að því.

4.1 Mikilvægi og inntak akademísku frelsis

Það kemur fram hjá viðmælendum að akademískt frelsi felist í að velja sér viðfangsefni og tjá hug sinn óhindrað, segja sannleikann eins og hver sér hann. Þetta samrýmist greiningum Byrne (2006, 931) og Finkin (1983, 829) á akademísku frelsi en þýðir þó ekki að akademískt frelsi heimili háskólakennurum að segja hvað sem er óháð viðurkenndri þekkingu og fræðilegum heilindum. Við höfum að öllu jöfnu ástæðu til að taka mark á háskólakennurum þegar þeir ræða um fræðasvið sín vegna þess að við treystum því að þeir uppfylli kröfur um þekkingu og heilindi. Það útilokar ekki að ólíkar skoðanir kunni að vera innan fræðanna á sumum viðfangsefnum þeirra né heldur að háskólakennarar geti orðið á einhvern hátt háðir hagsmunaöflum.

Í gögnunum kemur fram, rétt eins og hjá Rostan (2010, 71) og Calhoun (2009, 562-3), að frelsið sé tvíþætt; það sé frelsi til einhvers og frelsi frá eða undan einhverju. Akademískt frelsi er frelsi undan hagsmunaöflum, stjórn málaöflum og peningaöflum, „það er enginn að anda ofan í hálmálið á mér“, og það er frelsi til að fylgja aðferðum og gildismati vísinda og fræða. Frelsið til að rannsaka felst í að velja sér viðfangsefni, efna til samstarfs, gera það sem talið er líklegast til að skila árangri og greina skilmálalaut frá niðurstöðum. Akademískt frelsi er afsprengi þróunar í háskólum Vesturlanda og hluti af þeim félagslega veruleika sem háskólakennarar búa við. Það er ekki einstaklingsbundin dygd eða aðstæður sem hver og einn skapar sér heldur snýst það um regluverk í stofnunum, síði og venjur sem hafa þróast á lengri tíma (sbr. Calhoun 2009). Sumt er bundið í skrifaðar reglur, annað er óskrifað.

Viðmælendur reyndust samsinna Gibbs (2016) um að frelsið feli í sér ábyrgð. Vísindafólki ber að skila verki sem er eins vandað og frekast má vera. Verkið þarf að uppfylla gæðakröfur. Það má líka orða það svo, eins og kom fram í einni samræðunni, að hin samfélagslega og siðferðilega ábyrgð felist í því að vinna rannsóknir og kennslu eins vel og kostur er og láta alla njóta sannmælis og beita ekki brögðum við rannsóknir, ljúga ekki um niðurstöður eða taka fræðilegar niðurstöður annarra án þess að vísa til þeirra og setja þær fram sem manns eigin. Háskólakennari sinnir best því hlutverki sem honum er ætlað með því að leggja sig allan fram og virða sannleikann og þekkinguna (Shiffrin 2014, 200).

Hjá einum viðmælenda kemur fram að krafan um að „outputið sé í lagi“ sé skerðing

á akademísku frelsi. Annar viðrar efasemdir um að akademískt frelsi nái yfir ákvarðanir um hvað skuli kennt vegna þess að sumir háskólakennarar taki vafasamar ákvarðanir í því efni. Bæði ummælin bera vott um takmarkaðan skilning á tengslum frelsis og ábyrgðar. Útilokað er að hafa akademískt frelsi án þess að hafa um leið þær skyldur sem felast í þekkingar- og heilindakröfunni. Kröfur um gæði og heilindi eru hluti hins akademíska frelsis en ekki takmörkun þess. Akademískt frelsi er ekki neikvætt frelsi einstaklings til að gera hvað sem er heldur jákvætt frelsi háskólakennara til beita dómgreind sinni í rannsóknnum og kennslu og sæta þar faglegu jafningjamati.

Ábyrgðin er líka gagnvart stofnuninni og akademískum starfsmönnum ber að fylgja þeim reglum sem stofnunin hefur sett, reglum um jafnrétti, um samskipti við hagsmunaaðila og fleira. Sömuleiðis er ákvörðunarvald einstaks háskólakennara takmarkað í kennslu af ákvörðunum þeirrar einingar sem námið tilheyrir (Beaud 2020). Deild ákveður hvaða námskeið eru kennd og hver kennir og kennarar eru bundnir af sameiginlegri ákvörðun deildar um inntak og röð námskeiða, enda ber stofnunin ábyrgð á þeirri menntun sem veitt er. Slíkar ákvarðanir veita kennurum svigrúm til að ákveða hvaða viðfangsefni af mörgum mögulegum eru tekin fyrir og hvaða nálgun valin. Eins og Guðni Elísson (2014) hefur fært rök fyrir ber stofnuninni einnig að verja akademíska starfsmenn gegn óréttmætum ásökunum um ófaglega kennslu.

Þekkingar- og heilindakrafan setur því mörk sem réttlætlegt getur verið að háskólakennarar fjalli um í fyrirlestrum, enda þótt svigrúm til tjáningar hljóti að vera rýmra í kennslustund en í ritrýndri fræðigreini (Suissa & Sullivan 2021, 64-66). Hjá einum viðmælanda komu fram efasemdir um það þegar háskólakennari fer inn á svið sem hann er ekki sérfróður um. Dæmi viðmælanda af óhefðbundnum lækningum var vel til fundið einmitt vegna þess að finna má rök gegn slíkri kennslu og sömuleiðis með henni ef hafðir eru fyrirvarar um að það sem sagt er hvíli ekki á forsendum vísindanna. Það getur verið gagnlegt fyrir nemendur að kynnast slíku efni, en háskólakennara er undir engum kringumstæðum heimilt að villa um fyrir nemendum sínum. Sé fjallað um óhefðbundnar lækningar þarf að gera viðeigandi fyrirvara um hvort rannsóknir bendi til að þær skili raunverulegum árangri. Hér eru engin tók á að fjalla um hvernig skilja á mörk þekkingar í vísindum en þau mótast af mörgu, til dæmis hefð í fræðigreinum, aðhaldi jafningjamats, kennivaldi og hugsanlega ákveðnum röklegum eiginleikum sem þekkingin þarf að uppfylla.

Takmarkanir eigin þekkingar geta verið vandamál í þverfræðilegum rannsóknum þar sem fræðimenn, í samvinnu við aðra, einbeita sér að viðfangsefni sem er ekki endilega á þeirra sérsviði. Þegar rannsakendur takast á við efni sem ekki eru á sérsviði þeirra er mikilvægt að þeir geri sér grein fyrir takmörkunum eigin þekkingar og reyni að bæta úr þeim. En iðulega eru nýju viðfangsefnin nátengd því sem viðkomandi fræðafólk hefur áður fjallað um og framlagið er þá að bregða ljósi á þau út frá forsendum þeirrar fræðigreinar fremur en að nema ný lönd þekkingar þar sem allar forsendur skortir.

Einn viðmælandi velti vöngum yfir því hvort skilgreining á hugtakinu frelsi takmarki frelsið. Hugmyndin kann að vera sú að í skilgreiningu felist einhvers konar valdboð um

hvað sé leyfilegt og hvað ekki. Augljós rök mæla þó gegn slíkri hugmynd. Skilgreiningar á hvaða hugtaki sem er segja okkur hvað felst í því en um leið hvað felst ekki í því. Þegar slík mörk eru dregin í viðleitni til að skilja betur hugtakið akademískt frelsi verður mögulegt að hugsa skýrar um inntak þess. Inntak akademísku frelsis felst í að geta beint rannsóknnum að viðfangsefni sem fræðimaðurinn sjálfur telur mikilvægt í eigin fræðum og geta birt þær niðurstöður öðrum. Þekking háskólakennara setur því mörk sem hann getur fjallað um í fyrirlestrum og viðurkennd þekking setur akademísku frelsi ákveðin mörk.

4.2 Takmarkanir, hömlur og ógnir akademísku frelsis

Viðmælendur nefndu ýmsar takmarkanir á akademísku frelsi: stigamat, möguleika á útgáfu, fjármögnun rannsókna úr einkageiranum og í gegnum samkeppnissjóði, pólitískan þrýsting og samskipti við atvinnulífið.

Háskólar víða um heim hafa þróað kerfi til að meta frammistöðu háskólakennara í rannsóknum. Í opinberu háskólunum á Íslandi eru gefin stig fyrir útgefin rit á hverju ári og stigin hafa áhrif á framgang og laun háskólakennara og mat á háskólastofnunum. Fleiri stig fást fyrir grein sem birtist í alþjóðlega viðurkenndu tímariti en í staðbundnu. Mjög fá stig fást fyrir ritgerðir útgefnar í bókum eða tímaritum sem ekki eru ritrýnd. Fyrir háskólakennara sem rannsaka íslenskan veruleika kunna að vera færri möguleikar á útgáfu niðurstaðna, sérstaklega í alþjóðlega viðurkenndum tímaritum, heldur en ef rannsóknarefnið er ekki staðbundið. Viðmælendur segja að þetta stigamat og möguleikarnir á útgáfu í alþjóðlegum tímaritum takmarki akademískt frelsi. Þetta má túlka með hliðsjón af því að til að hafa jákvætt frelsi til rannsókna í samræmi við kröfur um þekkingu og heilindi verða rannsakendur að hafa viðurkenndan vettvang til birtinga á sínu sviði. Stigamatið sem slíkt virðist ekki vera takmarkandi þáttur heldur er það viðleitni til að meta gæði og það kom fram í viðtölunum skýr skilningur á því að vísindalegur texti þurfi að uppfylla gæðakröfur.

Viðmælendur lýsa áhyggjum af því hvernig fjármagn úr einkageiranum til rannsókna í háskólum geti þrengt að akademísku frelsi. Ákveði hagsmunaaðilarnir rannsóknarspurninguna er raunveruleg hætta á að skammtíamarkmið verði ráðandi í rannsóknum (Bennich-Björkman 2004, 30-33). Viðmælendur viku einnig að því hvaða áhrif það kynni að hafa ef kennarastöður við háskóla væru fjármagnadar af einkaaðilum. Atriði af þessu tagi geta augljóslega takmarkað akademískt frelsi og traust til háskólastofnana þó einhverja vörn megi fá með samningum háskóla við hagsmunaaðila. Þessi viðtalsþemu koma ekki á óvart í ljósi þess að í könnuninni frá 2011 töldu 66% svarenda að fjármögnun rannsóknarverkefna af einkaaðilum geti dregið úr fræðilegri hlutlægni (Sigurður Kristinsson o.fl. 2014), 45% töldu að kostun á háskólastöðum bitnaði á akademísku frelsi og 80% að setja þyrfti reglur um kostun á háskólastöðum (Trausti Þorsteinsson o.fl. 2012).

Rannsóknarstyrkir á Íslandi eru fáir og mjög margir leggja vinnu í umsóknir sem njóta ekki brautargengis af því að hlutfall þeirra sem hljóta styrki er svo lágt. Það kom fram hjá einum hópnum að það bætti aðstæður töluvert að hafa aðgang að minni sjóðum

og fleiri. Einsleitar hugmyndir styrkveitenda um árangur geta verið ógn við fjölbreytni í rannsóknum (Bennich-Björkman 2004) og í því samhengi má nefna að viðmælendur töldu að minni sjóðir og staðbundnir væru mikilvæg viðbót við vísindastarf í landinu.

Það getur einnig þrengt að frelsi fræðimanna þegar alþingismenn og ráðherrar skammast opinberlega út í þá sem setja fram skoðanir sem hugnast ekki stjórnvöldum á hverjum tíma. Það skapar ákveðinn þrýsting á fræðimenn og varasamt er ef þeir forðast að segja óþægilega hluti eða tjá sig um málefni sem eru umdeild í samfélaginu. Það kom fram hjá einum viðmælanda að upptökur í kennslu gætu haft þau áhrif að þringja að akademísku frelsi háskólakennara. Þetta er athyglisverður þáttur og hefur orðið enn mikilvægari á síðustu tveimur árum vegna kóvíd en þessi viðtöl voru tekin áður en sú plága hófst.

Síðasta atriðið sem fellur mögulega undir hömlur á akademísku frelsi og kom fram í máli viðmælendanna var samskipti við atvinnulífið. Það er siðferðileg ábyrgð rannsakanda að taka alltaf fram hver greiðir fyrir rannsókn sé um slíkt að ræða enda óska vönduð fræðileg tímarit eftir yfirlýsingu höfunda um það efni. Þó dæmi séu um að atvinnulífið leggi háskólum til fé til að fjármagna rannsóknastöður (sjá t.d. Háskóli Íslands 2021) er lítil hefð fyrir því á Íslandi.

Það er athyglisvert að enginn viðmælenda nefndi fastráðningu sem mikilvægan þátt akademísku frelsis. Það kann að stafa af því að reglan við ráðningu háskólakennara er fastráðning þó hún hafi ekki alltaf reynst það haldreipi sem talið var. Lengi hefur verið umræða um stöðu stundakennara við Háskóla Íslands og nú á síðustu árum við Háskólann á Akureyri. Stundakennarar eru ráðnir til skamms tíma á mun lakari kjörum en fastráðnir kennarar og spurningar geta vaknað um akademískt frelsi þeirra í kennslu, túlkun þess og varnir. Sennilega stafar það af því að ekki var rætt við stundakennara að þeirra rödd heyrst ekki og ber að líta á það sem takmörkun þessarar rannsóknar. Viðmælendur nefndu heldur ekki þöggun vegna innbyrðis átaka í háskólum. Einn nefnir kröfuna um jákvæð áhrif rannsókna á sviðum eins og fötlunarfræði og telur það jafra við takmörkun á akademísku frelsi. Það eru einmitt átök um umfjöllun um viðkvæma hópa á borð við fatlað fólk eða transfólk sem hafa stuðlað að heiftúðugum átökum í háskólum í Englandi (Suisse & Sullivan 2021). Skýringin á því hvers vegna þetta atriði er ekki nefnt kann að liggja í því að ekki hefur komið til mikilla átaka milli fræðimanna eða fræðimanna og fulltrúa viðkvæmra hópa í íslenskum háskólum.

Þakkir

Rannsóknin var styrkt af Rannís og er hluti af stærra rannsóknarverkefni um lýðræðislegt hlutverk háskóla. Hún stýðst einnig við gögn úr fyrra rannsóknarverkefni sem styrkt var af Rannsóknastofu um háskóla, Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri og Háskólasjóði KEA. Við þökkum félögum okkar í rannsóknarhópnum fyrir ábendingar við frumdrög greinarinnar. Jón Torfi Jónasson, professor emeritus, við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, fær bestu þakkir fyrir gagnlegar athugasemdir.

Heimildir

- Aarrevaara, T. (2010). „Academic Freedom in a Changing Academic World“, *European Review* 18 Supplement 1, 55-69.
- Altbach, R. (2003). „Academic Freedom: International Realities and Challenges“, í M. Kwiek (ritstj.), *The University, Globalisation, Central Europe* (bls. 11-30). Frankfurt am Main: Peter Lang.
- Anna Ólafsdóttir og Sigfríður Inga Karlsdóttir (2021). „Rannsóknir með blönduðum aðferðum“, í Sigfríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir. Handbók í aðferðafræði* (bls. 637-652). Akureyri: Háskólinn á Akureyri, Háskólaútgáfan.
- Beaud, O. (2020). „Reflections on the Concept of Academic Freedom“, *European Review of History: Revue européenne d'histoire* 27(5), 611-627.
- Bennich-Björkman, L. (2004). *Has Academic Freedom Survived? An Interview Study of the Conditions for Researchers in an Era of Paradigmatic Change*. Stockholm: Högskoleverket.
- Berg, L., Huijbens, E.H. og Larsen, H.G. (2016). „Producing Anxiety in the Neoliberal University“, *The Canadian Geographer / Le Géographe canadien* 60(2), 168-180.
- Bergan, S., Gallagher, T. og Harkavy, I. (ritstj.) (2016). *Higher Education for Democratic Innovation*. Council of Europe Higher Education Series nr. 21.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful Qualitative Research. A Practical Guide for Beginners*. London: Sage.
- Brown, W. (2015). *Undoing the Demos: Neoliberalism's Stealth Revolution*. New York: Zone Books.
- Byrne, J. (2006). „Constitutional Academic Freedom after Grutter: Getting Real about the Four Freedoms of University“, *University of Colorado Law Review* 77(4), 929-954.
- Calhoun, C. (2009). „Academic Freedom: Public Knowledge and the Structural Transformation of the University“, *Social Research* 76(2), 561-598.
- Capano, G. og Pritoni, A. (2020). „What Really Happens in Higher Education Governance? Trajectories of Adopted Policy Instruments in Higher Education over Time in 16 European Countries“, *Higher Education* 80, 989-1010.
- Danmarks Radio (2021a). „Flertal vil holde universiteterna i öernerne: 'Jeg har ingen tillid til kønsforskning'“. Sótt af <https://www.dr.dk/nyheder/politik/flertal-vil-holde-universiteterne-i-oererne-jeg-har-ingen-tillid-til-koensforskning>.
- Danmarks Radio (2021b). „Forskere vil råbe minister op: Vi ender med at holde forskning for os selv på grund af politisk pres“. Sótt af <https://www.dr.dk/nyheder/politik/262-forskere-vil-raabe-minister-op-vi-ender-med-holde-forskning-os-selv-paa-grund-af>.
- De George, R. (2003). „Ethics, Academic Freedom and Academic Tenure“, *Journal of Academic Ethics* 1, 11-25.
- Finkin, M.W. (1983). „On „Institutional“ Academic Freedom“, *Texas Law Review* 61, 817-857.
- Folketinget (2021). V 137 „Om overdreven aktivisme i visse forskningsmiljøer“. Sótt af <https://www.ft.dk/samling/20201/vedtagelse/v137/index.htm>
- Frumvarp til laga um háskóla nr. 654/2005-2006.
- Gerber, L.G. (2001). „Inextricably Linked”: Shared Governance and Academic Freedom“, *Academe* 87(3), 22.
- Gibbs, A. (2016). „Academic Freedom in International Higher Education: Right or Responsibility?“, *Ethics and Education* 11(2), 175-185.
- Giroux, H.A. (2006). „Academic Freedom under Fire: The Case for Critical Pedagogy“, *College Literature* 33(4), 1-42.
- Guðmundur Heiðar Frímansson (2012). „Akademískt frelsi“, *Stjórnsmál & stjórnsýsla* 8(2), 265-280.
- Guðni Elísson (2014). „Fúsk, fáfræði, fordómar? Vantrú, Háskóli Íslands og akademísk ábyrgð“, *Ritið* 3, 135-189.
- Gutmann, A. (2015). „What Makes University Education Worthwhile“, í H. Brighouse og M. McPher-son (ritstj.), *The Aims of Higher Education. Problems of Morality and Justice* (bls. 7-25). Chicago: Chicago University Press.

- Háskóli Íslands (2019). „Siðareglur“. Sótt af <https://www.hi.is/haskolinn/sidareglur>
- Háskóli Íslands (2021). „Samstarf við Félagráðgjafadeild“. Sótt af https://www.hi.is/felagsvisindasvid_felagsradgjafardeild/samstarf_vid_felagsradgjafardeild
- Jengar, S. og Massey, D.S. (2018). „Scientific Communication in a Post-Truth Society“, *PNAS* 116(16), 7656-7661.
- Karran, T., Beiter, K.D. og Mallinson, L. (2022). „Academic Freedom in Contemporary Britain: A Cause for Concern?“, *Higher Education Quarterly*.
- Lög um háskóla nr. 63/2006.
- Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008.
- Magnús Guðmundsson (2011). „Rannsóknarháskólinn 1990-2011“, í Gunnar Karlsson (ritstj.), *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911-2011* (bls. 533-779). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Miller, A. (2019). „Academic Freedom: Defending Democracy in the Corporate University“, *Social Alternatives* 38(3), 14-20.
- Nichols, T. (2019). *The Death of Expertise. The Campaign against Established Knowledge and Why It Matters*. New York: Oxford University Press.
- Norris, P. (2020). *Closed Minds? Is a 'Cancel Culture' Stifling Academic Freedom and Intellectual Debate in Political Science?* (HKS vinnupappír nr. RWP20-025). Harvard Kennedy School.
- Pechmann, P. og Haase, S. (2022). „How Policy Makers Employ the Term Quality in Higher Education Policymaking“, *Scandinavian Journal of Educational Research* 66(2), 355-366.
- Rostan, M. (2010). „Challenges to Academic Freedom: Some Empirical Evidence“, *European Review* 18, 71-88.
- Shiffrin, S.V. (2014). *Speech Matters. On Lying, Morality, and the Law*. Princeton: Princeton University Press.
- Sigurður Kristinsson, Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson (2014). „Samfélagslegt hlutverk háskóla: Kostun í íslenskum háskólum“, *Stjórnsmál & stjórnsýsla* 10(2), 471-496.
- Simpson, R.M. (2020). „The Relation between Academic Freedom and Free Speech“, *Ethics* 130, 287-319.
- Stachowiak-Kudla, M. (2021). „Academic Freedom as a Source of Rights' Violations: a European Perspective“, *Higher Education* 82, 1031-1048.
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.
- Suissa, J. og Sullivan, A. (2021). „The Gender Wars, Academic Freedom and Education“, *Journal of Philosophy of Education*, 55(1), 55-82.
- Trausti Þorsteinsson, Sigurður Kristinsson og Hjördís Sigursteinsdóttir (2012). „Samfélagslegt hlutverk háskóla“, *Stjórnsmál & stjórnsýsla* 8(2), 281-302.

